

## REGLUR

### **um meistaranám við verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands.**

#### 1. gr.

##### *Nám og markmið.*

Á verkfræði- og náttúruvísindasviði (hér eftir kallað sviðið) er unnt að leggja stund á meistaranám í þeim kennslugreinum sem tilgreindar eru í XIV. kafla reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

Markmið meistaranáms er að veita haldgóða og víðtæka menntun sem dýpkar þekkingu á ákveðnu fræðasviði og nýtist í frekara námi eða starfi.

Meistaranám getur verið lokagráða en einnig undirbúnингur fyrir doktorsnám. Hver deild setur hæfniviðmið fyrir þær greinar sem tilheyra henni. Að loknu meistaranámi í verkfræði er unnt að sækja um að hljóta lögverndaða starfsheitið verkfræðingur, sbr. lög nr. 8/1996.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands, sbr. 66. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Standa ber skil á upplýsingum og gögnum sem Miðstöð framhaldsnáms kallar eftir.

#### 2. gr.

##### *Inntökuskilyrði.*

Til að innritast í meistaranám við deild á sviðinu skal umsækjandi hafa lokið viðurkenndu grunnnámi (BS-prófi) á því fagsviði sem sótt er um eða sambærilegu námi sem deildin viðurkennir, með lágmarkseinkunn sem tilgreind er af deild í kennsluskrá.

Deild getur gert kröfu um undanfara sbr. 11. gr. þessara reglna.

Þegar um sameiginlega meistaragráðu Háskóla Íslands og annars háskóla er að ræða skal hafa samráð við sviðsstjóra kennslusviðs og Miðstöð framhaldsnáms um gerð samnings um námið.

#### 3. gr.

##### *Framhaldsnámsnefnd deildar.*

Deildarráð hverrar deildar sviðsins velur framhaldsnámsnefnd fyrir deild sína og fær nefndin umboð sitt frá því. Í nefndinni sitja að lágmarki þrír akademískir starfsmenn. Framhaldsnámsnefnd fer með málefni framhaldsnáms við viðkomandi deild og hefur faglega umsjón með gæðum (sbr. viðmið og kröfur um gæði meistaranáms við Háskóla Íslands), stýrir ferli umsókna um framhaldsnám innan deildarinnar, samþykkir prófdómara fyrir hönd deildarráðs og annast önnur verkefni sem deildin kann að fela henni. Framhaldsnámsnefnd samþykkir þá sem tilnefndir eru í meistaraprófs-nefndir nemenda.

#### 4. gr.

##### *Meðferð umsókna.*

Sótt er um inngöngu í meistaranám á rafrænum eyðublöðum nemendaskrár Háskóla Íslands. Skrifstofa sviðsins sendir mat á frumgögnum og afrit umsókna og gagna til framhaldsnámsnefndar viðkomandi deildar.

Framhaldsnámsnefnd deildarinnar metur umsóknina og hvort nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi, samþykkir eða hafnar umsókn fyrir hönd deildarinnar og tiltekur skilyrði ef einhver eru. Framhaldsnámsnefndin sendir niðurstöðu sína til deildarforseta og skrifstofu sviðsins.

Skráning og greiðsla skrásetningargjalds er forsenda þess að nám geti hafist eða haldið áfram.

#### 5. gr.

##### *Umsjónarkennari og leiðbeinandi.*

Sérhverjum meistaranema er frá upphafi náms úthlutað umsjónarkennara sem leiðbeinir um skipulag námsins, val námskeiða og hvers konar atriði og reglur sem tengjast náminu. Umsjónarkennari skal ávallt vera akademískur starfsmaður í föstu starfi við viðkomandi deild. Meistaranemi

getur með leyfi deildarforseta skipt um umsjónarkennara ef aðstæður krefjast þess. Umsjónarkennari er að öllu jöfnu einnig leiðbeinandi í meistaraverkefninu. Deildin getur veitt leyfi fyrir utanað-komandi leiðbeinanda sem uppfyllir skilyrði um setu í meistaraprófsnefnd.

#### 6. gr.

##### *Námsáætlun.*

Meistaranema ber að funda með umsjónarkennara við upphaf náms og setja fram námsáætlun yfir áætluð námskeið og meistaraverkefni eins og kostur er.

Í meistaranámi skal rannsóknaráætlun bætt við námsáætlun í síðasta lagi í lok 1. misseris náms-ins ef um 90 e verkefni er að ræða, í lok 2. misseris ef verkefni er 60 e eða í lok 3. misseris ef verk-efni er 30 e.

Deildir geta sett sér nánari reglur um meðferð og innihald námsáætlunar.

#### 7. gr.

##### *Meistaraprófsnefnd.*

Meistaraprófsnefnd skal skipuð minnst tveimur aðilum og er annar þeirra umsjónarkennarinn. Þeir sem sitja í meistaraprófsnefnd skulu að lágmarki hafa meistaragráðu og hafa þekkingu á fag-sviði meistaraverkefnisins. Þegar framhaldsnámsnefnd deildarinnar hefur samþykkt meistaraprófs-nefndina skipar deildarforseti hana. Hlutverk meistaraprófsnefndar er að leiðbeina meistara-nemanum, fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknarinnar.

#### 8. gr.

##### *Prófdómari.*

Forseti sviðsins skipar prófdómara að fenginni tillögu framhaldsnámsnefndar deildarinnar. Prófdómari metur meistaraverkefni ásamt meistaraprófsnefnd, sbr. 12. gr. þessara reglna. Prófdómari skal a.m.k. hafa lokið meistaraprófi og njóta viðurkenningar á fagsviði sínu. Ef ekki er völ á prófdómara hér lendis utan Háskóla Íslands er fullnægi þessum skilyrðum, er forseta sviðsins heimilt að skipa akademískan starfsmann innan háskólans til starfans, að fenginni tillögu framhaldsnáms-nefndar deildarinnar.

#### 9. gr.

##### *Tímalengd náms og einingafjöldi.*

Meistaranám að loknu BS-prófi skal jafngilda 120 einingum, þ.e. vera jafngilt tveggja ára námi í fullu starfi hið minnsta.

Stærð rannsóknarverkefna skal vera sem hér segir:

Iðnaðarverkfraði-, vélaverkfraði- og tölvunarfræðideild: 30 eða 60 einingar.

Jarðvísindadeild: 60 einingar.

Líf- og umhverfisvíssindadeild: 30, 60 eða 90 einingar.

Rafmagns- og tölvuverkfraðideild: 60 einingar.

Raunvísindadeild: 60 eða 90 einingar.

Umhverfis- og byggingarverkfraðideild: 30 eða 60 einingar.

Heimilt er að víkja frá þessu í þverfræðilegum námsleiðum þar sem sérstakar reglur um stærð verkefna gilda.

Hámarksfjöldi eininga í lesnámskeiðum í umsjón leiðbeinanda er 15 einingar.

Hámarksnámstími til að ljúka meistaraprófi er sex misseri frá því að meistaranemi var skráður í námið. Deild er heimilt að veita undanþágu frá þessum tímamörkum þegar sérstaklega stendur á.

Meistaraneminn skal að lágmarki taka helming eininga í meistaranámi við Háskóla Íslands.

## 10. gr.

*Kröfur um námskeið.*

Námskeið skulu vera á framhaldsstigi við Háskóla Íslands (M- og F-námskeið) eða aðra viðurkennda rannsóknarháskóla.

Öllum námskeiðum skal ljúka með viðeigandi námsmati í samræmi við skilgreinda námsáætlun. Lágmarkseinkunn fyrir námskeið sem tekin eru við Háskóla Íslands og meta á til meistaraprófs er 6,0. Námskeiðum sem tekin eru við viðurkennda háskóla aðra en Háskóla Íslands þarf að ljúka í samræmi við kröfur þess skóla.

Almennt er ekki heimilt að nota námskeið úr grunnnámi sem hluta meistaranáms (námskeið við Háskóla Íslands sem merkt eru G). Þverfræðilegar rannsóknir geta þó leitt til þess að grunnnámskeið úr öðrum námsleiðum teljist nauðsynlegur hluti námsins. Miðað er við að 8 einingar af slíkum nauðsynlegum grunnnámskeiðum geti talist til meistaraprófs. Þó má taka allt að 12 einingar af grunnnámskeiðum ef um 30 eininga verkefni er að ræða.

## 11. gr.

*Kröfur um undanfara.*

Vantað getur mikilvæga þætti úr grunnnámi í námsferil meistaranema ef hann hefur með meistaranámi sínu skipt um fagsvið. Framhaldsnámsnefnd deildarinnar ákværðar nauðsynlega undanfara sem skilyrði fyrir að umsækjandi sé samþykktur í meistaranámið. Bætast þá nauðsynlegir undanfarar við námskeiðshluta námsins og ber meistaranemum að ljúka undanfórum í upphafi náms. Gera skal grein fyrir undanfórum í námsáætlun.

## 12. gr.

*Námsmat.*

Meistaranámi lýkur með því að meistaranemi leggur fram ritgerð og heldur um hana opinberan fyrirlestur við Háskóla Íslands. Meistaraverkefnið skal metið af meistaraprófsnefnd auk prófdómara.

Fyrir meistararitgerð, sem stenst kröfur deilda, skal gefin einkunn eftir gæðum. Í iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild og umhverfis- og byggingarverkfræðideild er gefin einkunn í heilum og hálfum tölum frá 6,0 til 10,0. Í jarðvísindadeild, líf- og umhverfisvísindadeild, rafmagns- og töluverkfræðideild og raunvísindadeild er gefin einkunnin staðið eða fallið.

Deildir geta sett sér ítarlegri reglur um framkvæmd námsmats.

## 13. gr.

*Skil og frágangur meistararitgerðar.*

Meistararitgerð skal leggja fram fullbúna fyrir meistaraprófsnefnd og prófdómara minnst tveimur vikum fyrir próf og lokafyrirlestur meistaranemans.

Meistararitgerð skal fylgja sniðmáti sviðsins fyrir meistararitgerðir. Koma skal skýrt fram að verkefnið sé unnið við Háskóla Íslands. Tilgreina skal leiðbeinendur, prófdómara, fræðasvið, deild og rannsóknarstofnum, ef við á, og geta þeirra sjóða sem styrkt hafa verkefnið.

Meistaranemi þarf að fara eftir verklagi og skilafresti skrifstofu sviðsins við skil rafrænna eintaka af meistararitgerðinni en deildir geta sett reglur um skil prentaðra eintaka.

## 14. gr.

*Lærdómstíll.*

Meistarapróf veitir rétt til lærdómstíllsins *magister scientiarum* og notkunar skammstöfunarinnar MS.

## 15. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar af háskólaráði með heimild í 3. mgr. 18. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008, sbr. einnig 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar hafa verið samþykktar í stjórn verkfræði- og náttúruvísindasviðs að fenginni umsögn deilda og Miðstöðvar fram-

Nr. 994

7. nóvember 2017

haldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 286/2012 um meistaranám við verkfræði- og náttúruvísinda-svið Háskóla Íslands.

*Háskóla Íslands, 7. nóvember 2017.*

**Jón Atli Benediktsson.**

---

*Pórður Kristinsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2017